

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1254/2009

2011/EES/5/26

frá 18. desember 2009

um að setja viðmiðanir sem gera aðildarríkjnum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningssflugi og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Viðmiðanirnar skulu settar til þess að gera aðildarríkjum kleift að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningssflugi og að samþykkja annars konar verndarráðstafanir sem veita fullnægjandi vörn á grundvelli (staðbundins) áhættumats. Slíkar annars konar ráðstafanir skulu vera réttlætunarlegar af ástæðum sem varða stærð loftfarsins eða af ástæðum sem varða eðli, umfang eða tíðni starfrækslunnar eða annarrar viðeigandi starfsemi. Þar af leiðandi skulu viðmiðanir sem verða settar einnig vera réttlætunarlegar af þessum ástæðum.
- 2) Í samræmi við 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 skal viðaukinn við fyrrnefnda reglugerð gilda frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum en eigi síðar en 24 mánuðum eftir gildistöku reglugerðar (EB) nr. 300/2008. Beitingu viðmiðananna, sem samþykktar eru skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal því seinkað þar til framkvæmdareglurnar verða samþykktar, skv. 3. mgr. 4. gr., en eigi síðar en 29. apríl 2010.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningssflugi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjnum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2009.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðildarríkjnum er heimilt að veita undanþágur frá sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 og samþykkja annars konar verndarráðstafanir sem veita fullnægjandi vörn á grundvelli (staðbundins) áhættumats á flugvöllum eða afmörkuðum svæðum flugvallar þar sem umferð takmarkast við einn eða fleiri eftirfarandi flokka:

1. loftför með hámarksflugtaks massa undir 15 000 kg,
2. þyrlur,
3. löggæsluflug,
4. flug til að kæfa og slökkva eld,
5. sjúkraflug, neyðarflug eða björgunarflug,
6. flug vegna rannsóknar og þróunarstarfa,
7. flug fyrir verkflugstarfsemi
8. flug í hjálpar- og mannúðarskyni
9. flug starfrækt af flugrekendum, framleiðendum loftfara eða viðhaldsfyrirtækjum, þar sem hvorki farþegar eða farangur né farmur eða póstur eru flutt.
10. flug loftfara með hámarksflugtaks massa undir 45 500 kg til flutninga á eigin starfsfólki og farþegum sem ekki greiða fargjald eða á vörum, sem eru liður í starfsemi fyrirtækis.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með tilgreindri dagsetningu í framkvæmdarreglunum, sem eru samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 4. gr. í reglugerð (EB) nr. 300/2008, en eigi síðar en 29. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 338, 19.12.2009, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 16.12.2010, bls. 15.

(¹) Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 571/2008

2011/EES/5/27

frá 19. júní 2008

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar viðmiðanir til endurskoðunar á árlegum vöktunaráætlunum er varða kúariðu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Þar er kveðið á um að hvert aðildarríki skuli, á grundvelli virks og óvirks eftirlits, starfa eftir árlegri áætlun um vöktun með smitandi heilahrönnunarsjúkdómum.
- 2) Í 1. mgr. b í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að þau aðildarríki sem geta sýnt fram á framfarir, að því er varðar faraldsfræðilegar aðstæður á yfirráðasvæði sínu, geti sótt um endurskoðun á árlegum vöktunaráætlunum sínum.
- 3) Nokkur aðildarríki, þar sem vart hefur orðið jákvæðrar þróunar varðandi faraldsfræðilegar aðstæður að því er varðar kúariðu, hafa látið í ljós áhuga á að láta endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu. Til þess að gera þeim aðildarríkjum kleift að leggja beiðni fyrir framkvæmdastjórnina um að vöktunaráætlanir þeirra

vegna kúariðu verði endurskoðaðar er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðmiðanir í því skyni að sýna fram á að faraldsfræðilegar aðstæður hafi batnað að því er varðar kúariðu.

- 4) Þessar viðmiðanir eru faraldsfræðilegir vísar sem hafa að markmiði að meta á magnbundinn hátt þróun ástandsins að því er varðar kúariðu í aðildarríkjunum í árunna rás.
- 5) Til glöggvunar og samræmingar er rétt að mæla fyrir um þessar viðmiðanir í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 161, 20.6.2008, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 357/2008 (Stjtið. ESB L 111, 23.4.2008 bls. 3).

VIÐAUKI

Í I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 bætist við eftirfarandi 7. liður:

„7. Endurskoðun á árlegum vöktunaráætlunum er varða kúariðu (vöktunaráætlanir er varða kúariðu) sem kveðið er á um í 1. mgr. b. í 6. gr.

7.1. *Umsóknir aðildarríkja*

Umsóknir, sem aðildarríkin leggja fyrir framkvæmdastjórnina til endurskoðunar á árlegum vöktunaráætlunum þeirra vegna kúariðu, skulu hafa að geyma a.m.k. eftirfarandi atriði:

- a) upplýsingar um vöktunarkerfi til árlegrar vöktunar kúariðu sem hafa verið fyrir hendi á næstliðnum sex árum á yfirlýðingum aðildarríkisins, þ.m.t. ítarleg gögn þar sem sýnt er fram á að farið hefur verið að þeim faraldsfræðilegu viðmiðunum sem mælt er fyrir um í lið 7.2,
- b) upplýsingar um auðkenningar- og rekjanleikakerfi fyrir nautgripi, sem um getur í b-lið 3. undirgreinar í 1. mgr. b í 6. gr., sem notað hefur verið á næstliðnum sex árum á yfirlýðingum aðildarríkisins, þ.m.t. ítarleg lýsing á starfsemi tölvuáætlaðra gagnagrunnsins sem um getur í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 (*),
- c) upplýsingar um bönn er varða fódur dýra á næstliðnum sex árum á yfirlýðingum aðildarríkisins, þ.m.t. ítarleg lýsing á framkvæmd fódurbannsins er varðar alidýr, sem um getur í c-lið 3. undirgreinar í 1. mgr. b í 6. gr., þ.m.t. sýnatökuáætlun og fjöldi og eðli brota sem vart hefur orðið og niðurstöður eftirfylgni,
- d) ítarlega lýsingu á fyrirhugaðri, endurskoðaðri vöktunaráætlun vegna kúariðu ásamt því landsvæði þar sem hrinda á áætluninni í framkvæmd og lýsingu á hlutföldum nautgripa sem eiga að falla undir endurskoðaða vöktunaráætlun vegna kúariðu, þ.m.t. upplýsingar um aldursmörk og úrtaksstærð til prófunar,
- e) niðurstöður ítarlegrar áhættugreiningar þar sem sýnt er fram á að endurskoðuð vöktunaráætlun vegna kúariðu muni tryggja heilsuvernd manna og dýra. Þessi áhættugreining skal m.a. hafa að geyma greiningu fæðingaraldurshóps eða aðrar kannanir sem skipta máli, sem miða að því að sýna fram á að ráðstöfunum til að draga úr áhættu af völdum smitandi heilahrönnunar, þ.m.t. bann við fódur sem um getur í c-lið 3. undirgreinar í 1. mgr. b. í 6. gr., hafi verið framfylgt á skilvirkan hátt.

7.2. *Faraldsfræðilegar viðmiðanir*

Umsóknir um endurskoðun vöktunaráætlunar vegna kúariðu er aðeins heimilt að samþykkja ef viðkomandi aðildarríki getur sýnt fram á að auk þeirra krafna sem mælt er fyrir um í a-, b- og c-lið þriðju undirgreinar í 1. mgr. b í 6. gr. séu eftirfarandi faraldsfræðilegar viðmiðanir uppfylltar á yfirlýðingum þess:

- a) í a.m.k. sex ár samfelld eftir þann dag sem prófunarkerfi Bandalagsins vegna kúariðu, sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar 1. mgr. b í 6. gr., kemur til framkvæmda hefur:

annaðhvort

- i. meðaltalslækkun á árlegu nýgengishlutfalli kúariðu, sem vart verður meðal fullorðinna nautgripa (eldri en 24 mánaða), verið umfram 20% og heildarfjöldi kúariðusýkra nautgripa, sem fæddust eftir að algjöru fódurbanni Bandalagsins að því er varðar alidýr, sem um getur í c-lið þriðju undirgreinar 1. mgr. b í 6. gr., var komið til framkvæmda hefur ekki verið umfram 5% af heildarfjölda staðfesta kúariðutilvika,

eða

- ii. árlegt skráð nýgengishlutfall kúariðu meðal fullorðinna nautgripa (eldri en 24 mánaða) haldist stöðugt innan við 1/100 000,

eða

- iii. samanlagður fjöldi staðfesta kúariðutilvika verið innan við fimm, þessi möguleiki býðst aðildarríkjum þar sem tala fullorðinna nautgripa (eldri en 24 mánaða) er innan við 1 000 000 dýr,
- b) eftir sex ára tímabilið sem um getur í a-lið er ekkert sem bendir til þess að faraldsfræðilegar aðstæður með tilliti til kúariðu fari versnandi.”

(*) Stjtið. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.